

laun hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda í hæstarétti, 40 kr., greiðist af almannafé.

**Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu heim aftur í hérað til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar.

Skipuðum talsmanni gagnáfrýjanda, Bjarna Þ. Johnson, málaflutningsmanni, bera 40 kr. í málflytningslaun af almannafé.

Gagnáfrýjandi, Ingibjörg Stefánsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, Sigurgeir Guðjónssyni, 100 kr. í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 29. apríl 1932.

Nr. 59/1931. **Pétur M. Bjarnarson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, f. h. Frihavnens Kaffe-kompagni** (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur vegna löghalds.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1930: Stefnur, Pétur M. Bjarnarson, greiði stefnendunum, Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, hæstaréttarmálaflutningsmönnum, f. h. firmans Frihavnens Kaffe-kompagni, d. kr. 5851,99 með 6% ársvöxtum af d. kr. 5708,35 frá 1. júní 1926 til 3. jan. 1929 og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádrægnum isl. kr. 3349,03 með 6% ársvöxtum af kr. 1490,87 frá 12. júní til 4. dez. 1928*

og af kr. 3243,32 frá þeim degi til greiðsludags. Svo greiði stefndur og stefnendunum kr. 200,00 í málskostnað.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, er skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 4. júní f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 13. maí s. á., krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti. Stefndu krefjast hinsvegar staðfestingar dómsins og málskostnaðar í hæstarétti.

Báðir aðiljar hafa lagt fram í hæstarétti ný gögn máli sínu til stuðnings.

Eins og fyrir undirrætti hefir áfrýjandi haldið því fram, að hann sé eigi bundinn við verð það, er fengizt hefir fyrir þá 15 sekki af Rio kaffi, er seldir voru kaffibrennslu Reykjavíkur 15. jan. 1927, en þar sem áfrýjandi hefir með símskeyti 14. s. m. samþykkt söluna, verða þessi mótmæli ekki tekin til greina. Með því að kyrrsetja umrætt kaffi hefir áfrýjandi gert stefndu það ómögulegt að sækja kaupanda kaffisins um hið umsamda kaupverð, d. kr. 2050.51 og verður því að telja áfrýjanda skylt að svara til þess, en eftir upplýsingum þeim, er fram hafa komið í hæstarétti hefir umgetin kyrrsetningargjörð farið fram 10.—15. maí 1926, en ekki 1. júní eins og sagt er í bæjarþingsstefnunni og forsendum héraðsdómsins.

Að því er snertir þá 30 sekki af kaffi, er seldir voru á uppboðinu 10. sept. 1926, hefir áfrýjandi lagt fram í hæstarétti ýms ný gögn, því til sönnunar, að kaffi þetta hafi verið því nær óseljanleg vara og hafi alls ekki verið meira virði, er kyrrsetningin var gjörð, en fékkst fyrir það á uppboð-

inu, þar á meðal mats- og skoðunargjörð 2ja dómkvaddra manna, er fram hefir farið 19. nóvbr. f. á., en þar sem engin trygging er fyrir því, að sýnishorn það af kaffinu, er skoðunarmennirnir hafa fengið til rannsóknar, hafi gefið rétta heildarmynd af umgetnu kaffi, verður gegn mótmælum stefndu ekkert byggt á skoðunargjörð þessari.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 300 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, Pétur M. Bjarnarson, greiði stefndu, Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, f. h. Frihavnens Kaffekompagni í Kaupmannahöfn, 300 kr. í málskostnað í hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, hæstaréttarmálaflutningsmönnum hér í bæ, f. h. firmans Frihavnens Kaffekompagni, Kaupmannahöfn, gegn Pétri M. Bjarnason, kaupmanni, Vesturgötu 17 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð d. kr. 7851,99, með 6% ársvöxtum af d. kr. 5708,35, frá 1. júní 1926 til sáttakærudags 3. jan. 1929 og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum isl. kr.

3243,37, með 6% ársvöxtum af kr. 1490,87, frá 12. júní til 4. dez. 1928 og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags, svo og að frádregnum ísl. kr. 105,66. Svo krefst stefnandi þess og að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að 1. júní 1926 lét stefndur kyrrsetja 95 poka af kaffi, sem stefnandi hafði sent hingað til tryggingar skaðabótakröfu, er stefndur taldi sig hafa á hendur honum. Réttlætningarmáli út af kyrrsetningunni lauk endanlega með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 4. júní 1928, er var á þá leið, að stefnandi var algerlega sýknaður af kröfum stefnds og löghaldið úr gildi fellt, en mál þetta gegn stefndum er höfðað til skaðabóta út af löghaldinu. Telur stefnandi, að tjónið, er hann hafi beðið vegna löghaldsins nemi mismuninum á faktúruverði hins kyrrsetta kaffis og verði því, sem hann hafi fengið greitt fyrir það, bótum fyrir lánstraustspjöll og álitshnekki, svo og kostnaði, er hann hafi orðið að greiða vegna löghaldsins.

50 pokar af kaffi því, sem kyrrsett var, hafði verið sent hingað á nafn stefnds sjálfs, en hinir 45 sekkirnir á nafn annars manns, H. Hafstein, eftir pöntun þeirra. Á meðan á réttlætningarmálinu stóð voru 65 sekkir af kaffinu seldir, og var það allt kaffið, sem stefndur hafði pantað og 15 sekkir af kaffinu til H. Hafstein. Af þessum 65 sekkjum voru 16 sekkir af kaffi stefnds seldir á nauðungaruppboði eftir kröfu Eimskipafélags Íslands, en hinir 49 voru seldir utan uppboðs til Kaffibrennslu Reykjavíkur. Þeir 30 sekkir, sem eftir voru, voru svo seldir á opinberu uppboði 10. sept. 1928 á ábyrgð og kostnað stefnds. Stefndur hefir nú þegar greitt mismuninn á faktúruverði þess kaffis, er sent var hingað á nafn hans og söluverði þess, en hinsvegar hefir hann verið ófáanlegur til þess að greiða verðmismun á hinum hluta kaffisins og kemur hin umstefnda krafa eftir sundurliðun stefnanda þannig fram:

1. Faktúruverð þeirra 15 sekkja H. Hafstein, er seldir voru utan uppboðs til Kaffibrennslunnar ..... d. kr. 2050.01
2. Faktúruverð þeirra 30 sekkja, er seldir voru á uppboðinu 10. sept. .... - — 3658,34

|   |     |         |
|---|-----|---------|
| 3. Brunatrygging á hinu kyrrsetta kaffi | — — | 143,64  |
| 4. Bætur fyrir lánstraustsspjöll        | — — | 2000,00 |

Samtals d. kr. 7851,99

ásamt vöxtum af tveimur fyrri liðunum samanlögðum frá kyrrsetningardegi og síðari liðnum frá sáttakærudegi.

Frá dregst:

|  |                  |
|--|------------------|
| a. Andvirði kaffisins undir 1. lið frá Kaffibrennslunni      | isl. kr. 1490,87 |
| b. Uppboðsandvirði kaffisins undir 2. lið frá uppboðshaldara | — — 1752,50      |
| c. Vextir af kr. 1490,00                                     | — — 105,66       |

Samtals isl. kr. 3349,03

að viðbættum vöxtum af upphæðunum undir a og b eins og í upphafi greinir.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega, að verða algjörlega sýknaður af þeim og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Byggir stefndur aðallega mótmælin á því, að það hafi orðið að samkomulagi með honum og stefnanda, að stefnandi skyldi selja allt hið kyrrsetta kaffi, þegar eftir að kyrrsetningin fór fram, en salan hafi verið bundin því skilyrði að hann (stefndur) samþykki söluverðið. Nú hafi stefnandi selt án síns samþykkis, þá 49 sekki er áður greinir, til Kaffibrennslunnar og sé sér því alveg óviðkomandi það tjón, er af þeirri sölu hafi hlotizt. Stefnandi hafi heldur ekki haldið samninginn að því leyti að selja allt kaffið, og sé sér því heldur ekki skylt að bera það tjón, sem af því hafi leitt, að nokkur hluti þess var ekki seldur fyrr en í september 1928, hvort sem tjónið hafi verið fólgið í geymslukostnaði, verðlækkun á kaffinu, vátryggingarkostnaði eða öðru. Á framangreind mótmæli stefnds verður þó ekki fallizt, því að eftir því sem fram hefir komið í málinu, er ekki hægt annað en líta svo á, að stefndur hafi með framferði sínu eftir á samþykkt sölu til Kaffibrennslunnar og ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi lofað að selja allt kaffið utan uppboðs, en ekki verður séð, að á öðrum grundvelli hafi stefnandi borið nokkur skylda til þess að sjá um sölu kaffisins, og hlýtur kaffið því að hafa ver-

ið að öllu leyti á ábyrgð stefnds eftir að hann hafi látið kyrrsetninguna á því fram fara og þar til það var selt.

Þá hefir stefndur mótmælt því, að rétt sé að leggja til grundvallar við útreikning á tjóni stefnanda vegna kyrrsetningarinnar, faktúruverð kaffisins. Telur stefndur að leggja eigi til grundvallar gangverð kaffisins, á þeim tíma, sem það var kyrrsett, en þá hafi það verið búið að liggja hér á afgreiðslunni ca.  $\frac{1}{2}$  ár og á þeim tíma hafi verð á kaffi lækkað mjög. T. d. sé verð á þeim 15 sekki-um til H. Hafstein, er seldir hafi verið Kaffibrennslunni, talið á faktúrunni yfir kaffið d. kr. 2,20 pr. kílógr. en 1. júní 1926 hafi skráð verð á þessu kaffi verið í Kaupmannahöfn d. kr. 1,76 samkv. vottorði Verzlunarráðs Íslands, og hafi því raunverulegt verð þessara 15 sekki- ekki verið nema d. kr. 1568,00.

Ennfremur hefir stefndur mótmælt því, að söluverð þessara 15 sekki- sé bindandi fyrir hann, þar sem þeir hafi ekki verið seldir á uppboði.

Eins og drepíð var á hér að framan, er það upplýst í málinu, að stefndur hefir greitt stefnanda mismuninn á faktúruverði þess kaffis, er sent var hingað á nafn hans og söluverði þess. Verður því að telja, að hann með því hafi þegjandi samþykkt að leggja beri til grundvallar við útreikning á tjóni því, er stefnandi hefir beðið við kyrrsetningu á þessu kaffi, faktúruverð þess og söluverð, því að ekki getur það, að álitu réttarins skipt máli í þessu efni, þótt stefndur hafi verið dæmdur í sérstöku máli til þess sem kaupandi kaffisins að greiða stefnanda faktúruverð þess, þar sem hann greiðir ekki þann dóm sjálfstætt, heldur aðeins áðurgreindan mismun og það án nokkurs fyrirvara.

Nú kemur það greinilega fram, að umræddir 15 sekki- til H. Hafstein, er seldir voru Kaffibrennslunni ásamt kaffi stefnds, voru nákvæmlega sömu tegundar og það. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að stefndur hafi með þessu atferli sínu einnig samþykkt að faktúru- og söluverð þessara 15 sekki- væri bindandi fyrir hann og ber því að leggja mismuninn á verði þessu til grundvallar við útreikning á tjóni stefnanda vegna kyrrsetningarinnar á þeim, eins og stefnandi hefir gert og verða þá mótmæli stefnds gegn skaðabótaupphæðinni vegna kyrrsetn-

ingarinnar á þessum hluta kaffisins ekki tekin til greina.

Þá telur stefndur gangverð þeirra 30 sekkja, er seldir hafi verið á uppboðinu 10. sept., hafi einnig verið miklum mun lægra en faktúruverð þeirra og faktúruverðið hafi í raun og veru ekki náð nokkurri átt af þeirri ástæðu. að kaffi þetta hafi verið svo slæm tegund, að næstum ómögulegt hafi verið að notfæra sér það. Til sönnunar þeirri staðhæfingu sinni, að kaffið hafi verið slæmt, hefir stefndur leitt þrjú vitni í málinu, er öll hafa borið það, að kaffi þetta hafi verið mjög lélegt eða lítt nothæf vara, en við framburð þessara vitna allra er það að athuga, að þau skoða ekki kaffið fyrr heldur en á uppboðinu 10. sept. 1928 eða 2 árum og rúmum 3 mánuðum eftir að það var kyrrsett og verður gegn mótmælum stefnenda skaðabóta-upphæðin ekki miðuð við gæði kaffisins á uppboðsdegi, enda þykir ólíklegt að kaffið hafi þolað geymslu allan þennan tíma í venjulegu pakkhúsi, og að því er séð verður án sérstakrar umönnunar, án þess að skemmast.

Það getur heldur ekki talizt nægilega upplýst gegn mótmælum stefnanda, að gangverð þessa kaffis hafi lækkað frá því það var sent af stað frá Kaupmannahöfn og þar til það var kyrrsett, og þó að svo hefði verið þykir verða að fallast á það, að leggja beri faktúruverðið en ekki gangverðið til grundvallar við útreikning skaðabótanna, því að það er in confesso í málinu, að kaffi þetta var pantað af ákveðnum manni eða mönnum fyrir verð það, sem á faktúrunni greinir, og var því stefnanda í lófa lagið að sækja kaupandann um faktúruverðið, enda þótt kaffið hefði lækkað í verði, ef honum hefði ekki verið varnað þess með kyrrsetningunni, og ekkert er hægt gegn mótmælum stefnanda að leggja upp úr þeirri staðhæfingu stefnds, að pantandi kaffisins hafi verið ógjaldfær og því einskis virði fyrir stefnanda, að eiga kröfu á hann um andvirði þess. Af framangreindum ástæðum verða því mótmæli stefnds gegn bótakröfu stefnanda vegna kyrrsetningar þessara 30 sekkja heldur ekki tekin til greina.

Þá hefir stefndur ennfremur mótmælt sérstaklega kröfulið stefnanda, d. kr. 2000,00 um bætur fyrir láns-traustsspjöll og miska, og þar sem stefnandi hefir engin skilríki lagt fram fyrir því, að margnefnd kyrrsetning hafi

bakað honum nokkur lánstraustsspjöll, og ekki heldur hægt að líta svo á, að hann hafi orðið fyrir nokkrum miska, þ. e. a. s. móðgun eða álitshnekki vegna hennar, þykir verða að sýkna stefndan af þessum kröfulið stefnanda.

Kröfulið stefnanda, d. kr. 143,64, hefir stefndur ekki mótmælt sérstaklega, enda verður váttryggingin að teljast hafa verið nauðsynleg og bein afleiðing kyrrsetningarinnar og verður þessi upphæð því tildæmd.

Loks hefir stefndur mótmælt því, að vextir verði reiknaðir af hinum tildæmdu upphæðum yfir lengri tíma en frá sáttakærudegi og hærri en 5% p. a. en fallast verður á það hjá stefnanda, að mótmæli þessi séu of seint fram komin og verða þau því ekki tekin til greina af þeim ástæðum.

Samkvæmt framansögðu verða þá úrslit málsins þau, að dómkröfur stefnanda lækka um d. kr. 2000,00 og þykir eftir þeim úrslitum hæfilegt, að stefndur greiði stefnendunum kr. 200,00 í málskostnað.

Vegna anna hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

---

Föstudaginn 29. apríl 1932.

Nr. 1/1932. Guðrún Ólafsdóttir

gegn

h/f. Hamar.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðrún Ólafsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hún og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---